

**19. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 17. mars 2011, kl. 16.15, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.**

**Mættir eru:** Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrunn Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri. Birna Björnsdóttir, varaformaður og Gunnar Sigurðsson boðuðu forföll.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

**1. Fundargerðir.**

Fundargerð 18. fundar frá 17. febrúar sl. samþykkt.

**2. Framkvæmd dómaraþrófa í áhaldafimleikum karla**

Til umfjöllunar er erindi til stjórnar þar sem gerð er athugasemd við vinnubrögð tækninefndar karla (tk) í áhaldafimleikum við undirbúning og framkvæmd dómaraþrófa og dómaraþrófs haustið 2010. Með vísan til 11. töluliðar 1. gr. reglugerðar FSÍ var tk boðuð á fund með stjórn. Kl. 17. 30 mæta á fundinn Axel Bragason, formaður tækninefndar, og Sigurður Hrafn Pétursson, nefndarmaður í tækninefnd.

Tækninefndin vikur af fundi kl. 18:15.

Málið rætt og gengið verði frá skriflegu svari til bréfitara.

**3. Boð ÍSÍ um að senda fulltrúa FSÍ á norræna ráðstefnu um barna- og unglingsþróttir**

Ráðstefnan verður haldin í Lillehammer í Noregi, 8.-11. september. nk.

FSÍ stendur til boða að senda einn kjörinn fulltrúa úr stjórn, einn starfmann og einn fulltrúa yngri kynslóðarinnar á ráðstefnuna. Fram kemur í bréfi fræðsluviðs ÍSÍ að sambandið muni reyna að styrkja þau sérsambönd sem senda fulltrúa.

Málið rætt. Stjórn ákveður að senda tvo fulltrúa á ráðstefnuna, einn fulltrúa stjórnar og FSÍ og einn fulltrúa yngri kynslóðarinnar úr hópi þjálfara og/eða iðkenda, og er framkvæmdastjóra falið að tilkynna ÍSÍ það.

Ákveðið er að fulltrúi stjórnar og FSÍ verði Sólveig Jónsdóttir. Aðildarfélagum verður gefinn kostur á að tilnefna einn fulltrúa yngri kynslóðarinnar á ráðstefnuna. Framkvæmdastjóra falið að senda tilkynningu til aðildarfélaga. Fulltrúi yngri kynslóðarinnar skal vera virkur í starfi yngri iðkenda og hafa brennandi áhuga á uppbyggingu barna- og unglingsstarfs. Tilnefningar skulu berast skrifstofu FSÍ eigi síðar en 1. maí nk.

Gerð er krafa um að þeir tveir fulltrúar sem sækja ráðstefnuna miðli þekkingu og geri grein fyrir því helsta sem fram kom á ráðstefnunni á næsta formannafundi FSÍ.

**4. Bréf tækninefndar í hópþimleikum, beiðni um heimild til að fá tvo gestadómara frá Danmörku til að dæma á Íslandsmótinu í hópþimleikum 14. og 15. apríl nk.**

Í erindi nefndarinnar kemur fram að með þessu vilji tækninefndin hækka gæði og standard mótsins enn frekar og efla Norðurlandasamstarf. Til greina komi að annar dómariinn flétti inn í ferðina námskeið fyrir þjálfara unglingsaliða um samningu og uppbyggingu gólfæfinga. Fram kemur að fræðslunefnd FSÍ sé erindinu samþykkt. Erindi samþykkt og tækninefnd hvött til að halda kostnaði vegna komu dómara í lágmarki.

## **5. 70. íþróttatæging ÍSÍ 8.-9. apríl nk.**

FSÍ á rétt á fimm fulltrúum á þingið. Eftirtaldir verða fulltrúar FSÍ á þinginu: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari stjórnar FSÍ, Sólveig Jónsdóttir, almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir. Varamenn eru: Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri FSÍ, Gunnar Sigurðsson, varamaður í stjórn FSÍ og Jón Finnbogason, formaður Gerplu.

## **6. Formannafundur vorið 2011.**

Ákveðið var að boða til formannafundar (þ.e. formenn aðildarféлага og framkvæmdastjórar/yfirþjálfarar) laugardaginn 7. maí 2011. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna aðildarfélögum um fundinn.

## **7. Boð á UEG congress 30. september og 1. október 2011.**

Þing evrópska fimleikasambandsins verður haldið í Malmö í Svíþjóð á framangreindum tíma. Ákveðið var að senda fulltrúa FSÍ á fundinn.

## **8. Skipun í nefnd um fimleika fyrir alla.**

Sigurða Sigurðardóttir og Lórens Rafn hafa sagt sig úr nefndinni. Þeim eru þökkuð störf fyrir sambandið. Stjórn skipar Birnu Björnsdóttur í nefndina og býður hana velkomna til starfa.

## **9.**

### **9. 16. alþjóðlega ungmennamót drengja í Berlín 2. apríl nk., val keppenda á mótið.**

Fimleikasambandi Íslands, nokkrum stjórnarmönnum og ýmsum öðrum einstaklingum innan fimleikahreyfingarinnar hefur borist bréf, dags. 14. mars sl., frá einstaklingi sem gerir athugasemdir við vinnubrögð við val á ofangreint mót. Málið var afgreitt á fundi stjórnar 3. febrúar sl. Formanni og Sólveigu Jónsdóttur stjórnarmanni falið að ræða við Axel Bragason, formann tækninefndar, Davíð Ingason, verkefnisstjóra og Björn M. Tómasson, nefndarmann í tk um erindið og upplýsa bréfitara um aðkomu FSÍ að málinu.

## **10. Til kynningar.**

- a. Vinnuálastofnun hefur samþykkt átaksverkefnið „Þú uppskerð sem þú sáir“, sem hefur það meginmarkmið að útfæra nýjar leiðir í fjáröflunarstarfi FSÍ vegna landsliða sambandsins. Um er að ræða eitt starf í fjóra mánuði. Fyrir liggur starfslýsing.
- b. Lögð fram til kynningar skýrsla frá Hlíf Þorgeirsdóttur sem sótti ráðstefnu FIG, Gymnastics for all, sem haldin var í Lisabon 9. 12. desember 2010. Hlíf er þökkuð ítarleg og fróðleg skýrsla.
- c. Greint er frá fundi framkvæmdastjóra með forsvarsmönnum Fimleikavörrur/Mílano. Fyrirtækið mun styrkja NMJ 2011 og gefa keppendum boli.
- d. NMJ 2011, staða mála: Svíþjóð, Noregur, Finnland og Danmörk koma með fullskipuð lið kvenna og karla. Undirritaður hefur verið samningur FSÍ við Gerplu um mótahaldið. Mótið verður FIG mót.
- e. Landslið Íslands á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem haldið verður í Berlín 7.-10. apríl nk. er þannig skipað:  
*Landslið kvenna í áhaldafimleikum:* Dominiqua Alma Belány, Embla Jóhannesdóttir, Jóhanna Raketel Jónasdóttir, Thelma Rut Hermannsdóttir. Þjálfarar

verða Guðmundur Brynjólfsson og Gabor Kiss. Dómarar frá Íslandi verða Berglind Pétursdóttir og Harpa Óskarsdóttir.

*Landslið karla í áhaldafimleikum:* Viktor Kristmannsson, Róbert Kristmannsson, Ólafur Garðar Gunnarsson, Bjarki Ásgeirsson, Jón Sigurður Gunnarsson. Þjálfari verður Gennadyi Zadorozhnyy. Dómarar frá Íslandi verða Björn Magnús Tómasson og Anton Heiðar Þórólfsson.

- f. Formaður greindi frá fundi sem hann og varaformaður áttu með nefnd um fimleika fyrir alla þann 4. mars sl.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 31. mars nk., kl.16.15.

Fundi slitið kl.

Ragnheiður Thorlacius,  
ritar fundargerð.